

ÁSDÍS RÓSA MAGNÚSDÓTTIR, ÁSTRÁÐUR EYSTEINSSON,
KRISTÍN GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR, RÚNAR HELGI
VIGNISSON OG GUÐRÚN STEINÞÓRSDÓTTIR

Heimur smásögunnar

Inngangur að þema

Þetta þemahefti *Ritsins* er helgað smásögum. Hér er um að ræða ítarlegar útgáfur af erindum sem flutt voru á ráðstefnunni Heimur smásögunnar sem haldin var í Háskóla Íslands dagana 30. september og 1. október 2023. Hún kom í kjölfarið á sambærilegum ráðstefnum um heim ljóðsins og heim skáldsögunnar sem einnig gátu af sér ráðstefnurit. Smásagan fær að jafnaði mun minni fræðilega umfjöllun en áður nefndar bókmenntagreinir og er þessu þemahefti ætlað að bæta ögn úr því.

Smásagan – í nútímaskilningi – er yfirleitt talin koma fram á fyrri hluta 19. aldar þó að forverar á Vesturlöndum séu gjarnan raktir alla leið til *Tidægru* Giovanni Boccaccios (1353), *Kantaraborgarsagna* (1392) Geoffrey's Chaucers, *Sjödægru* Marguerite de Navarre (1558), *El Patrañuelo* eftir Juan de Timoneda (1567), *Novelas ejemplares* eftir Miguel de Cervantes (1613), *Novelas amorosas* eftir Maríu de Zayas (1637) og *Þúsund og einnar nætur* í upphafi 18. aldar, auk ævintýra, dæmisagna, fabúla og goðsagna.¹ Á Indlandi má nefna Panchatantra-sögurnar sem voru dýrasögur skrifaðar á sanskrít. Í Japan nutu ukiyo-zōshi-sögurnar vinsælda á 17. og 18. öld en þær fjölluðu um líf almennings.² Svona mætti lengi telja.

¹ Antonio López Santos, „The Paratactic Structure in the *Canterbury Tales*. Two Antecedents of the Modern Short Story“, *Short Story Theories. A Twenty-First-Century Perspective*, ritstjóri Viorica Patea, Amsterdam og New York: Rodopi, 2012, bls. 25–48. Sjá einnig Ármann Jakobsson, „The Life and Death of the Medieval Icelandic Short Story“, *The Journal of English and Germanic Philology*, 112. bindi, nr. 3., júlí 2013, bls. 257–291. Sótt 14. apríl 2025 af <https://www.jstor.org/stable/10.5406/jenglgermphil.112.3.0257?seq=1>.

² *Britannica*, sótt 9. apríl 2025 af <https://www.britannica.com/art/ukiyo-zoshi>.



Ritið
1. tbl. 25. árg. 2025 (1-10)

© 2025 Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar og höfundar greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.25.1.1
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

Í upphafi 19. aldar sköpuðust félagslegar aðstæður sem gerðu fólki kleift að njóta bókmennta og til urðu blöð og tímarit sem birtu stuttar sögur. Fljótlega var svo farið að safna þeim í bækur. Áhrifa frá rómantísku stefnunni gætir á þessum frumbýlisárum smásögunnar hvað varðar áherslu á einstaklinginn en einnig raunsæislegra áhrifa með því að eftirspurn skapaðist eftir sögum um venjulegt fólk.³ Guy de Maupassant birti um það bil 300 smásögur í blöðum og tímaritum á síðari hluta 19. aldar.⁴ Til marks um vinsældir smásögunnar á Spáni má nefna að á tíunda áratug 19. aldar birtust þar ríflega tíu þúsund smásögur.⁵

Meðal höfunda sem gjarnan eru nefndir í umræðu um upphaf smásagna-gerðar má nefna Þjóðverjana Ludwig Tieck (1773–1853) og E.T.A. Hoffmann (1776–1822), Bandaríkjamennina Washington Irving (1783–1859), Edgar Allan Poe (1809–1849) og Herman Melville (1819–1891), Rússana Nikolaj Gogol (1809–1852) og Anton Tsjeikov (1860–1904) og fyrrnefndan Guy de Maupassant (1850–1983).⁶ Úr hinum spænskumælandi heimi má nefna Emiliu Pardo Bazán á Spáni (1851–1921) sem skrifaði fjöldann allan af smásögum á ferlinum⁷ og í Rómönsku-Ameríku er Horacio Quiroga (1878–1937) „ævinlega talinn vera upphafsmaður smásögunnar sem nútímalegs bókmenntaforms“.⁸

Með þessum sögum og fleirum frá þessum árum varð smásagan að bókmenntaformi sem laut fagurfræðilegum kröfum öðru fremur og hristi af sér mikið af þeim trúarlega og goðsagnakennda blæ sem var á forverum

³ Sjá jafnframt Rúnar Helgi Vignisson, „Hvenær varð smásagan til sem bókmenntagrein og af hverju?“, *Vísindavefurinn* 15. október 2021, sótt 8. apríl 2025 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=82373>.

⁴ Í Frakklandi á smásagan sér langa sögu og hefð, sjá Ásdís Rósa Magnúsdóttir, „Franska smásagan á fyrri öldum. Forverar, nýmæli, ánægja og undur“, *Friða og Dýrið. Franskar sögur og ævintýri fyrri alda*, Ásdís Rósa Magnúsdóttir þýddi, ritstjóri Kristín Guðrún Jónsdóttir, Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur/Háskólaútgáfan, 2021, bls. 9–51; sjá einnig rit René Godenne um smásagnaritun í Frakklandi, til dæmis *La Nouvelle française*, París: PUF, 1974 og Jean-Piery Aubri, *Le Conte et la nouvelle*, París: Armand Colin, 2002.

⁵ Erla Erlendsdóttir, „Inngangur“, *Raddir frá Spáni. Sögur eftir spænskar konur*, Erla Erlendsdóttir þýddi, ritstjóri Ásdís Rósa Magnúsdóttir, Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum málum, 2019, bls. 11.

⁶ Meðal sagna sem gjarnan eru nefndar í umræðu um upphaf smásagnagerðar eru „Ævintýrið um Eggert glóa“ (þý. *Der blonde Eckbert*) eftir Ludwig Tieck frá 1797, „Rip Van Winkle“ eftir Washington Irving sem kom út árið 1819, „Endalok Usher-ættarinnar“ (e. „The Fall of the House of Usher“) eftir Edgar Allan Poe sem kom út 1839, „Kápan“ eftir Nikolaj Gogol sem kom út 1842, og „Bartleby skrifari“ (e. „Bartleby the Scrivener“, 1853) eftir Herman Melville.

⁷ Erla Erlendsdóttir, „Inngangur“, *Raddir frá Spáni*, bls. 11.

⁸ Kristín Guðrún Jónsdóttir, *Smásögur heimsins. Rómanska-Ameríka*, ritstjórar Kristín Guðrún Jónsdóttir, Rúnar Helgi Vignisson og Jón Karl Helgason, Reykjavík: Bjartur, 2017, bls. 11.

hennar þótt hún héldi í vissar tengingar við fantasíu. Um leið dró mjög úr þeim siðferðisboðskap sem fylgdi forverunum eða þá að hann fann sér aðrar birtingarmyndir.⁹

Grein Edgars Allans Poes frá árinu 1842, „Review of *Twice Told Tales*“, hefur löngum verið talin marka upphaf bókmenntafræðilegrar umræðu um smásögur.¹⁰ Þar lagði hann mesta áherslu á að smásagan ætti að stefna að einingu áhrifa (e. *unity of effect*) og að hún skyldi ekki vera lengri en svo að hana mætti lesa í einni lotu því að maður gæti ekki verið upptendraður lengi í einu og ef maður gerði hlé á lestrinum flæktist maus hins ytri heims fyrir með þeim afleiðingum að sá kraftur sem fylgir heildarupplifuninni færi forgörðum.¹¹ Brander Matthews, lærisveinn hans, fylgdi svo í kjölfarið og lýsti því yfir í greininni „The Philosophy of the Short Story“ að smásagan væri sérstök bókmenntagrein, vel skilgreind, öfugt við skáldsöguna sem væri blendingur.¹² Hvað þetta varðar fékk hann síðar stuðning frá rússneska formalistanum B. M. Éjxenbaum sem taldi smásöguna vera grunnform, skáldsöguna samsett form.¹³ Brander Matthews ítrekaði áherslu Poes á eininguna, oft fjallaði smásaga um eina persónu, gerðist á einum degi og einum stað. Að hans mati var útilokað að skrifa smásögu án þess að í henni gerðist eitthvað, í henni væri saga, en áhersla á fléttuna var einkennandi fyrir 19. aldar smásögur.¹⁴ Charles Baudelaire var einnig hrifinn af smásagnaforminu, sem honum fannst standa framar skáldsögunni að flestu leyti, og hann tíundar kosti hins stutta forms í umfjöllun sinni „Notes nouvelles sur Edgar Poe“ frá árinu 1857.¹⁵

Frá fyrri hluta 20. aldar var ekki óalgengt að smásagnahöfundar í Róm-önsku-Ameríku skrifuðu einnig um smásöguna og meðal þeirra voru fyrrnefndur Horacio Quiroga, sem sendi frá sér nokkrar greinar milli 1925 og 1931

⁹ Charles E. May, *The Short Story: The Reality of Artifice*, New York: Twayne Publishers, 1995. Sjá einkum 1. kafla, t.d. bls. 3 og 19.

¹⁰ Erik Van Achter, „Revising Theory. Poe’s Legacy in Short Story Criticism“, *Short Story Theories. A Twenty-First-Century Perspective*, ritstjóri Viorica Patea, Amsterdam og New York: Rodopi, 2012, bls. 75–88.

¹¹ Edgar Allan Poe, „Poe on Short Fiction“, *The New Short Story Theories*, ritstjóri Charles E. May, Athens, Ohio University Press, 1994, bls. 59–72, hér bls. 60–61.

¹² Brander Matthews, „The Philosophy of the Short Story“, *The New Short Story Theories*, bls. 73–80, hér bls. 78.

¹³ B. M. Éjxenbaum, „O. Henry and the Theory of the Short Story“, *The New Short Story Theories*, bls. 81–88, hér bls. 81.

¹⁴ Brander Matthews, „The Philosophy of the Short Story“, sama rit, bls. 73, 76, 78.

¹⁵ Umfjöllun Baudelaire, „Notes nouvelles sur Edgar Poe“, kom fyrst út sem inngangur að þýðingu hans á smásögum Edgars Poes, *Nouvelles Histoires extraordinaires*, árið 1857 en var endurútgefin árið 1875 af Michel Lévy frères í *Œuvres d’Edgar Poe*, bls. vi–xxiv.

og lagði áherslu á að endir smásagnanna lægi í upphafi þeirra, Juan Bosch, sem skrifaði um listina að skrifa smásögu, og Julio Cortázar.¹⁶ Þeim umfjöllunum var fylgt eftir síðar á öldinni með skrifum rithöfundanna Ricardo Piglia, sem hélt því fram í esseyunni „Tesis sobre el cuento“ árið 1986 að vel heppnuð smásaga innihéldi tvær sögur, og Mempo Giardinelli sem árið 1992 beindi sjónum að sögu og gerð smásögunnar út frá hugmyndum tuttugu smásagnahöfunda.¹⁷ Fræðimenn í Rómönsku-Ameríku létu ekki sitt eftir liggja: Mario Lancelotti lagði drög að kenningu um smásöguna í riti sínu *De Poe a Kafka: para una teoría del cuento* árið 1965¹⁸ og Alba Omil, Raúl A. Pérola og Enrique Anderson Imbert fjölluðu öll um frásagnatækni og önnur einkenni smásögunnar ásamt Spánverjanum Baquero Goyanes.¹⁹

Einnig má nefna hér áhugaverða grein argentíska rithöfundarins og fræðimannsins Raúls Brascas, „Þögn í launsátri. Um örstutt verk og það sem ekki er sagt“ sem birtist í tímaritinu *Milli mála* árið 2024. Þar ræðir hann um þá þögn sem „skapast á milli þess augnabliks er lesandi lýkur lestrinum og viðbragða hans við innihaldi textans, með öðrum orðum andartakið þegar lesandinn hugsar sig um, les hratt yfir aftur, setur í samhengi og leiðrétir fyrri túlkun út frá upplýsingunum sem koma fram í lokalinunni.“²⁰ Þó að þarna sé einkum rætt um örsögur eru þær meðal annars skoðaðar út frá smásögunni til að greina á milli formanna, rétt eins og oft er rætt um smásöguna út frá skáldsögunni. Raúl segir smásöguna einnig búa yfir þögn og hún komi fram í því að samhliða hinni bókstaflegu sögu vindi fram annarri sögu sem komi í ljós í lokin, „þegar sögurnar tvær renna saman“.²¹

¹⁶ Ein af greinum Horacios Quiroga er „La retórica del cuento“, *El Hogar*, 21. desember 1928, bls. 12; Juan Bosch, *Apuntes sobre el arte de escribir cuentos*, Santo Domingo: Editorial Librería Dominicana, 1958; Julio Cortázar, „Algunos aspectos del cuento“, *Revista “Casa de las Américas”*, 60/1970, bls. 180–185 og „Del cuento breve y sus alrededores“, *Último round*, Méxikó, D.F.: Siglo 21, 1969, bls. 59–82.

¹⁷ Ricardo Piglia, „Tesis sobre el cuento“, og „Nuevas tesis sobre el cuento“, *Formas breves*, Barcelona: Anagrama 1986, bls. 103–139; Mempo Giardinelli, *Así se escribe un cuento. Historia, preceptiva y las ideas de veinte grandes cuentistas*, Buenos Aires: Beas ediciones, 1992.

¹⁸ Mario Lancelotti, *De Poe a Kafka: para una teoría del cuento*, Buenos Aires: Editorial Universitaria de Buenos Aires, 1965.

¹⁹ Mariano Baquero Goyanes, *¿Qué es el cuento?*, Buenos Aires: Editorial Columba, 1967; Alba Omil og Raúl A. Pierola, *El cuento y sus claves*, Buenos Aires: Editorial Nova, 1967; Enrique Anderson Imbert, *Teoría y técnica del cuento*, Buenos Aires: Marymar, 1979.

²⁰ Raúl Brasca, „Þögn í launsátri. Um örstutt verk og það sem ekki er sagt“, Kristín Guðrún Jónsdóttir þýddi, *Milli mála* 16:1/2024, bls. 11–28, hér bls. 12.

²¹ Sama heimild, bls. 15.

Í hinum enskumælandi heimi hefur smásagan ekki síður verið tilefni fjölmargra fræðiritra. Árið 1963 sendi Írinn Frank O'Connor frá sér bókina *The Lonely Voice* þar sem hann hélt því fram að smásagan hentaði sérstaklega vel til að fjalla um jaðarsett fólk og að þar sé mikil meðvitund um mannlega einsemd.²²

Árið 1977 birtist bók Ians Reids, *The Short Story*, þar sem hann tjalddar tilvitnun í *Snorra-Eddu*, „Ekki er langt um at göra“, fremst í bókinni. Hann rekur sögulega þróun smásögunnar, skoðar forvera hennar og einkenni, ekki síst með hliðsjón af skáldsögunni.²³

Smásagnafræði nútímans eiga Charles E. May mikið að þakka. Hann ritstýrði bókinni *Short Story Theories* sem kom út árið 1976 og er talin hafa lagt grunninn að fræðimennsku síðustu áratuga um smásöguna í hinum engilsaxneska heimi. Hann fylgdi þeirri bók eftir með öðru merku greinasafni árið 1994, *The New Short Story Theories*, sem geymir meðal annars greinina „The Short Story. The Long and the Short of It“ eftir Mary Louise Pratt sem mikið hefur verið vitnað í. Þar bendir hún á að stuttleiki hafi í sjálfu sér enga fagurfræðilega eiginleika og að hann sé of efnislegur til þess að vera gerður að höfuðatriði.²⁴ Aðrir hafa bent á að stuttleikinn dragi einmitt fram vissa fagurfræðilega nálgun enda hefur oft verið minnst á lýríska eiginleika smásögunnar. Sjálf vitnar Mary Louise í þau orð Franks O'Connors að smásagnahöfundur þurfi að vera meiri listamaður en skáldsagnahöfundur.²⁵ Hún bendir líka á að smásagan sé heimkynni talmáls, meðal annars vegna tengsla hennar við forvera sem reiddu sig á munnlega geymd, og það hafi stuðlað að vinsældum hennar í þróunarlöndum.²⁶ Charles May sendi svo frá sér heila bók um smásöguna árið 1995, *The Short Story. The Reality of Artifice*, og rekur þar þróun hennar, einkum og sér í lagi í hinum enskumælandi heimi.

Susan Lohafer hefur einnig lagt mikið af mörkum til teóretískrar umræðu um smásögur. Árið 1983 sendi hún frá sér bókina *Coming to Terms with the Short*

²² „Always in the short story there is this sense of outlawed figures wandering about the fringes of society [...] As a result there is in the short story at its most characteristic something we do not often find in the novel – an intense awareness of human loneliness.“ Frank O'Connor, *The Lonely Voice. A Study of the Short Story*, London: MacMillan, 1965, bls. 19.

²³ Ian Reid, *The Short Story*, London og New York: Routledge, 1977.

²⁴ Mary Louise Pratt, „The Short Story. The Long and the Short of It“, *The New Short Story Theories*, ritstjóri Charles E. May, Athens: Ohio University Press, 1994, bls. 91–113, hér bls. 95.

²⁵ Sama heimild, bls. 100.

²⁶ Sama heimild, bls. 108–109.

Story og ásamt Jo Ellyn Clarey ritstýrði hún merku safnriti, *Short Story Theory at a Crossroads*, sem kom út árið 1989. Lohafer hefur fjallað mikið um smásögur út frá lúkningu eða forlúkningu (e. *closure, preclosure*), sérstaklega í bókinni *Reading for Storyness*, og telur hún að nálægð endisins sé óumdeilanlega eitt af því sem greinir smásöguna frá öðrum formum.²⁷ Í *Short Story Theory at a Crossroads* er að finna grein Roberts M. Luscher um smásagnasveiga, „The Short Story Sequence. An Open Book“ en umræða um þá hefur færst í aukana í seinni tíð. Sagnasveigar einkennast af því að milli smásagna sem geta staðið einar og sér séu ýmsar tengingar sem myndi stærri heild þegar þær eru lesnar saman. Luscher á þarna í samtali við Forrest L. Ingram sem vanalega er þakkað fyrir að kynna þetta hugtak til sögunnar. Reyndar vill Luscher frekar tala um runur (e. *sequence*) en sveiga vegna þess að sveigurinn hunsí það sem gerist þegar sögurnar eru lesnar hver á eftir annarri og minni og þemu þroskast í línulegri upplifun.²⁸ Um þetta má deila enda eru sögur í sveig yfirleitt lesnar í þeirri röð sem þær birtast, þó að einnig megi lesa þær í hvaða röð sem er og fá þannig fram öðruvísi lestrarreynslu.

Enn teóretískari nálgun má finna í bók Dominics Heads frá 1992, *The Modernist Short Story*, þar sem hann greinir hvernig módernisminn breytti nútímaskáldskap, svo sem með því að skipta fléttu út fyrir andrúmsloft, hughrif og hugljómun.²⁹ Árið 2012 var svo komið að því að skoða smásagnafræðin af sjónarhóli 21. aldar, því þá kom út bókinn *Short Story Theories. A Twenty-First-Century Perspective*. Þar er meðal annars að finna yfirlit ritstjórans, Viorica Patea, um smásagnafræði, sem hér hefur að hluta til verið stuðst við, en einnig grein um viðvarandi áhrif Poes á þessi fræði. Í bókinni er jafnframt grein Charles E. Mays um stöðu smásögunnar í Norður-Ameríku á 21. öldinni. Hann ræðir meðal annars um þau áhrif sem ritlistarnám hafi haft á þróun smásögunnar vestra en sú umræða hefur líka sést hérlendis.³⁰

²⁷ Susan Lohafer, *Coming to Terms with the Short Story*, Baton Rouge: Louisiana State University Press, 1983; Susan Lohafer og Jo Ellyn Clarey, *Short Story Theory at a Crossroads*, Baton Rouge og London: Louisiana State University Press, 1989, bls. 249–275, hér bls. 249; Susan Lohafer, *Reading for Storyness*, Baltimore: Johns Hopkins University Press, 2003.

²⁸ Robert M. Luscher, „The Short Story Sequence. An Open Book“, *Short Story Theory at a Crossroads*, bls. 148–167, hér bls. 149.

²⁹ Dominic Head, *The Modernist Short Story. A Study in Theory and Practice*, Cambridge: Cambridge University Press, 1992. Sjá einnig Viorica Patea, „The Short Story. An Overview“, bls. 5–6.

³⁰ Soffía Auður Birgisdóttir, „Smásagan í sókn á Íslandi“, *Heimildin* 29. nóvember 2023. Sótt 8. apríl 2025 af <https://heimildin.is/grein/19623/smasagan-i-sokn-a-islandi/>.

Þetta þemahefti geymir þrettán greinar eftir jafn marga höfunda um smásögur og smásagnahöfunda af ýmsu tagi og ýmsum þjóðernum. Fræðimennirnir nálgast efnið hver á sinn hátt, svo sem frá femínísku sjónarmiði, vistfræðilegu, kennslufræðilegu, pólitísku, sögulegu og formfræðilegu.

Alda Björk Valdímarsdóttir fjallar í grein sinni um söguna „The Displaced Person“ eftir hina bandarísku Flannery O’Connor. Verkið er löng smásaga, stundum raunar kölluð nóvella, og fjallar um atburði sem eiga sér stað á búgarði í Georgíu í Bandaríkjunum skömmu eftir lok síðari heimsstyrjaldar. Þessi búgarður verður staður mikilla siðferðilegra átaka sem mótast ekki aðeins af sambúð hvíts og þeldökks fólks í Suðrinu, heldur einnig Evrópubúa sem flytja með sér arfleifð ógnarviðburða nýliðinnar tíðar. Það er sem enginn sé þarna á „réttum“ stað, enda skrifar Alda að persónur sögunnar séu „allar á vergangi“.

Segja má að smásögur lagi sig einkar vel að barnabókmenntum, að minnsta kosti hafa stuttar frásagnir iðulega ratað í verk ætluð börnum. Í grein sinni „Um siðbætandi sögur og ævintýri í *Kvöldvökunum 1794*“ fjallar Ásdís Rósa Magnúsdóttir um smásögur sem finna má í fyrstu bókunum sem skrifaðar voru fyrir börn hér á landi, *Sumargjöf handa börnum* og *Kvöldvökunum 1794*. Í þeirri síðarnefndu er að finna forvitnilegt safn erlendra texta úr ýmsum áttum, dæmisagna og ævintýra, sem Hannes Finnsson þýddi og lagaði að nýjum lesendahöpi. Ásdís bendir á að líklega hafi Hannes einkum sótt innblástur í franska barnabók frá 1756, *Le Magasin des enfants* (Sögusafn fyrir börn) og að bæði verkin endurspegli siðbætandi uppeldisstefnu upplýsingarinnar.

Í grein Guðrúnar Kristinsdóttur er svo sjónum beint að sögulegu smásögunni í Frakklandi á 17. öld en þar á smásagnaritun sér langa hefð og margar birtingarmyndir. Guðrún fjallar um sögulega sagnagerð hins áhugaverða franska rithöfundar Madame de Lafayette en smásögur hennar, *Greifnyjan af Tende* og *La Princesse de Montpensier* (Prinsessan af Montpensier), ásamt nóvellunni *La Princesse de Clèves* (Prinsessan af Clèves), gerast á tímum trúarbragðastríðanna í Frakklandi eða um einni öld fyrir ritunartíma þeirra. Öll bera verkin heiti kvenna sem verður á, falla og deyja í sögulok. Guðrún dregur fram hin óraðu mörk skáldskapar og sannsögulegra viðburða og bendir á að söguleg sagnagerð Madame de Lafayette sé ef til vill mun pólitískari og gagnrýnni en lengi hefur verið talið.

Guðrún Steinþórsdóttir tekur fyrir þrjár sögur úr bókinni *Einu sinni sögur* eftir Kristínu Ómarsdóttur, „Eiginkonu guðs“, „Hvildardag“ og „Vegakort“, og sýnir fram á að þær myndi eins konar sagnasveig. Allar fjalla sögurnar um hjónaband og hversdagslegt líf guðs og eiginkonu hans. Guðrún kannar sögurnar með

hliðsjón af kenningum um ónáttúrulegar frásagnir, ímyndunaraflíð og femínisma og útlistar meðal annars hvaða aðferðum Kristín beitir til að fylla inn í eyður *Biblunnar*.

Gunnþórunn Guðmundsdóttir greinir smásöguna „Jæjabúðin“ eftir Eleni Ilkovu í ljósi eftirlendufræða, frásagnarfræða og hugmynda um fjölyngi og innflytjendabókmenntir. Ilkova er einn þeirra höfunda af erlendu bergi sem hafa haslað sér völl hérlendis á undanförunum árum. Gunnþórunn bendir á að þarna geti nýjabrumið legið og hvetur okkur til þess að veita slíkum bókmenntum athygli vegna þess að þær eigi til að falla milli skips og bryggju þegar kemur að fræðilegri umfjöllun. Í anda Franks O’Connors minnir hún á að smásögur séu vel til þess fallnar að segja sögur af jaðrinum, af því sem sé á skjön við normið.

Í greininni „Heimurinn er heimili“ fjallar Haukur Ingvarsson um smásögu Kristínar Eiríksdóttur, „Hundrað og fimmtíu fermetrar á hundrað þúsund kall“ frá 2013 með hliðsjón af tveimur lykilskáldsögum íslensks módernisma á sjöunda áratug síðustu aldar: *Tómasi Jónssyni. Metsölubók* (1966) eftir Guðberg Bergsson og *Leigjandanum* (1969) eftir Svövu Jakobsdóttur. Þær fjalla hvor á sinn hátt um íslensk rými – allt frá einstaklingum og vistarverum þeirra til þjóðarinnar og landsins sjálf – á tímum kalda stríðsins og heimstogstreitu stórvelda í austri og vestri. Smásaga Kristínar virðist framlengja þessar kaldastríðsaðstæður inn á nýja öld og líkt og í skáldsögunum er hér fengist við óörugga leiguvist í tilverunni um leið og tekist er á við spurningar um valdasvæði, frelsi og ófrelsi, sjálfsmyndir og heimsmyndir.

Í grein Helgu Birgisdóttur „Hvað ætti mér svo sem að finnast?“ er smásagan tekin fyrir sem hluti af bókmenntanámi íslenskra framhaldsskólanema en smásagan er hvorki nefnd í Aðalnámskrá grunnskóla (2011/2013) né framhaldsskóla (2011/2015). Greinin byggir á niðurstöðum höfundar úr rannsókn á íslenskukennslu í framhaldsskólum sem fór fram á árunum 2020–2022 og sýndi meðal annars neikvæðara viðhorf kennara og nemenda til smásagna en skáldsagna. Helga segir jafnframt frá kennslutilraunum sínum sem byggja á kenningum bókmenntafræðingsins Ritu Felski um geðhrifin fjögur. Markmiðið með notkun þeirra var að efla trú nemenda á sjálfum sér sem bókmenntagreinendum og auðvelda þeim að mynda sér skoðun – og hafa þannig áhrif á lestrarupplifun þeirra.

Kristín Guðrún Jónsdóttir staldrar við þrjár af sögum mexíkóska rithöfundarins Amparo Dávila sem komu út í smásagnasafninu *Tiempo destrozado* (Ónýtir tímar), „Gestinn“, „Móse og Gaspar“ og „Matargerðarlist“. Í grein sinni, sem ber heitið „Hugarórur eða raunverulegur hryllingur?“, bendir hún á að sögur Dávila séu margræðar og tímalausar og að lesandinn þurfi sjálfur að

kljást við þögnina eða spurningar sem vakna við lesturinn. Í sögunum bregður gjarnan fyrir verum sem erfitt er að festa hendur á en Dávila segist þó skrifa um fyrirbæri sprottin af raunverulegri reynslu. Í greininni skyggnist Kristín Guðrún á bak við þær einkennilegu verur sem bregður fyrir í sögunum þremur.

Til að ferðast um heiminn þurfa sögur og höfundar þeirra á þýðendum að halda. Marion Lerner fjallar í sinni grein um þýskar þýðingar á íslenskum smásögum og nóvellum í kringum aldamótin 1900. Hún gerir grein fyrir starfsemi fimm þýðenda sem á þessum árum þýddu verk íslenskra sagnaskálda, allt frá *Pilti og stúlku* eftir Jón Thoroddsen til samtímaskálda eins og Gests Pálssonar sem hölluðust að raunsæi. En þýðendurnir fengust einnig við ýmsa umfjöllun og kynningu á hinum íslensku sögum og bakgrunni þeirra – skrifuðu sem sé „hliðartexta“ sem gátu haft sitt að segja um viðtökur verkanna í nýjum málheimi. Fram kemur í grein Marion að þýðendurnir, sem voru sumir dyggir „Íslandsvinir“, voru ekki alltaf ánægðir með gagnrýnið sjónarhorn íslensku rithöfundanna á eigið samfélag.

Í grein sinni fjallar Rebekka Þráinsdóttir um smásagnasafnið *Riddaraliðið* eftir rússneska rithöfundinn Ísaak Babel. Sögurnar segja frá misheppnaðri herferð Fyrsta riddaraliðs Rauða hersins til Póllands vorið 1920 í þeim tilgangi að breiða út fagnaðarerindi kommúnismans. Höfundurinn gegndi starfi fréttaritara fyrir tímaritið *Rauða riddaraliðann* og hélt dagbók sem varð síðar grunnurinn að sögum safnsins. Þær birtust flestar í tímaritum á árunum 1923–1924 en tveimur árum síðar kom út safnrit með 34 sögum. Babel bregður upp ágengum svipmyndum og hughrifum úr stríðinu og notar litbrigði náttúrunnar til að gefa verkinu siðferðilegt inntak. Í greininni fjallar Rebekka um sögumenn og nokkur meginþemu verksins.

Rúnar Helgi Vignisson nálgast smásöguna sem ritlistarkennari í greininni „Skrifaðu smásögu!“. Hann tündar eitt og annað sem smásagnahöfundur gæti tileinkað sér og varar við öðru. Meðfram vísar hann beint og óbeint til ýmissa kennisettinga um einkenni smásögunnar. Hann veltir líka fyrir sér hvað stuttleiki smásögunnar hafi í för með sér og tekur sem dæmi hvað saga af sjómönnum í lífsháska gæti orðið allt öðruvísi sem smásaga en skáldsaga, svo sem hvað efnistösk og byggingu varðar. Rúnar Helgi gerir sér grein fyrir mætti smásögunnar til að umskapa sig og á því allt eins von á því að mörg þeirra ráða og viðmiða sem hann tilfærir úreldest fyrr eða síðar.

Við höfum kannski ekki tengt Þórberg Þórðarson sérstaklega við smásagnagerð en í grein sinni „Hin fjölbreytilega smásagnagerð Þórbergs Þórðarsonar“ fjallar Soffía Auður Birgisdóttir um þær frásagnir hans sem fella

mætti undir regnhlífahugtakið smásögur. Hún bendir á að innan höfundarverks Þórbergs sé að finna fullgildar smásögur þótt þær séu stundum fléttaðar inn í stærra samhengi. Þær séu til marks um hve leitandi hann var þegar kom að formum, trúr þeirri sannfæringu að formið ætti að laga sig að viðfangsefninu sem rímar vel við áherslur í smásagnafræðum.

Sveinn Yngvi Egilsson tekur fyrir smásöguna „Big Two-Hearted River“ („Tvíhjartað stórflyót“), eina þekktustu smásögu Ernests Hemingways sem lagði þungt lóð á vogarskál smásögunnar á 20. öld með sínum ísjakastíl þar sem verulegur hluti erindisins er óorðaður. Smásagan „Big Two-Hearted River“ er ein af 24 sögum þar sem Nick Adams er söguhetjan. Sveinn Yngvi gaumgæfir þessa sögu í ljósi vistrýni og áfallafræða sem veitir nýja sýn á söguna og tengir hana við ýmislegt í nútíundarhugsun samtímans.

Ljósmyndina sem prýðir kápu *Ritsins* að þessu sinni tók Gunnar Sverrisson.